

Háskólar í samfélaginu og samfélag háskólanna

Það er gamall siður háskólakennara að bölsótast yfir því hvað nemendurnir séu lélegir. Ég man eftir löngum samræðum um þetta efni úr öllu mínu námi og starfi í háskólum. Þegar ég var í BA námi í heimspeki við Háskóla Íslands áttu sumir kennara okkar það til að opna sig um þetta við þá nemendur sem stóðu sig vel og kvarta hástöfum yfir því hve heimurinn versnaði og stöðugt slæddist í háskólanám fólk sem „ekkert erindi ætti í háskóla“ eins og það var orðað. Einn ef dáðari kennurum í heimspekinni sagði einhverntímann við okkur, hóp af vel liðnum og áhugasömum nemendum, að það væri aðalatriðið að skipuleggja inngangsnámskeiðin í skorinni með þeim hætti að strax tækist að að „fæla burt þá nemendur sem ættu ekkert erindi í heimspeki.“ Annar kennara minna eyddi talsverðum tíma í það eftir fyrsta tímapróf vormisserisins, að hugsa upphátt um mikilvægi þess að stór hluti hópsins sem hann var að kenna, sneri sér að framatvinnugreinum frekar en að sóa almannafé með því að sitja á háskólabekk og taka námslán.

Ég skal játa það, að lengi vel hvarflaði ekki að mér að neitt væri bogið við það viðhorf til háskólanáms og háskólamenntunar sem birtist í yfirlýsingum af þessu tagi. Þvert á móti fannst mér þær til marks um miklar kröfur sem eðlilegt væri að gera í háskóla og jafnframt eðlilegt að þeir sem ekki stæðu sig væru látnir snúa sér að öðru. Það var ekki fyrr en ég var sjálfur farinn að kenna, fyrst sem doktorsnemi við Columbia-háskóla, síðar

sem stundakennari við Háskóla Íslands og fleiri háskóla hér á landi að ég fór að gera mér ljóst að hrokinn, menntasnobbið og skeytingarleysið um fólk í leit að menntun, sem birtist í þessum yfirlýsingum, er ekki bara óviðkunnanlegt heldur beinlínis mannfjandsamlegt. Háskólamenn sem halda að hlutverk sitt sé að fæla nemendur „sem ekkert erindi eiga í háskóla“ úr námi eru á hættulegum villigötum. Ef viðmótið sem blasir við þeim nemendum sem inn í háskóla koma er fjandsamleg tortryggni og tómlæti um aðra en þá sem skara fram úr frá fyrsta degi, er hætt við að háskólinn geri fleirum illt en gott, og vinni samfélaginu tjón í nafni gæða og faglegra krafna.

Kveinstafirnir um stöðugt verri nemendur eru atvinnusjúkdómur háskólakennara frekar en mark sé takandi á þeim sem slíkum. Þessir kveinstafir munu heyrast svo lengi sem háskólar eru skipulagðir með svipuðum hætti og nú er. Staðreyndin er auðvitað sú að nemendum hefur fjölgað gríðarlega á undanförunum árum og þar með hefur flóra þeirra orðið fjölbreyttari og starf kennara í háskólum flóknara. Það eru alltaf einhverjir sem telja að það ógni gæðum háskólanna að þeir skuli í auknum mæli hafa það hlutverk að veita öllum menntun sem uppfylla ákveðin grundvallaraskilyrði. Ég er ekki í þeim hópi. Ég held þvert á móti að rík menntunar- og samfélagskrafa til háskólanna sé mikilvægasta aðhald þeirra. Háskólastofnanir hafa tvo nátengd hlutverk. Annarsvegar að búa til þekkingu, hinsvegar að miðla og varðveita þekkingu. Miðlunar- og varðveisluhlutverkið gerir að verkum að háskólar mega ekki verða elítustofnanir. Þeir eru

Þvert á móti mikilvægustu almannþjónustustofnanir samfélagsins og þetta grundvallaratriði verður alltaf að leiða starf þeirra. Þjónustuhlutverki þeirra er ekki hægt að varpa fyrir róða í nafni gæða: Kröfuna um gæði verður að fella að þjónustuhlutverkinu.

En áður en ég lýk umræðunni um kveinstafi háskólakennara um slæma nemendur, langar mig þó að deila með ykkur viðhorfi sem hefur byggst upp hjá mér smám saman og virðist styrkjast með aukinni reynslu. Staðreyndin er sú að það er auðvitað alltaf eitthvað til í kvörtunum um nemendur. Einn grundvallarveikleiki í íslensku menntakerfi er nefnilega gamalkunnugur. Hann birtist í því að það er alltof algengt að góðir nemendur kunni lítið. Það er að segja: Það er alltof algengt að nemendur sem byrja í háskóla eftir að hafa lokið venjulegu grunn- og framhaldsskólanámi séu illa undir háskólanám búnir og hafi takmarkaða undirstöðupjálfun og þekkingu, jafnvel nemendur sem eiga auðvelt með að læra, njóta þess að vera í námi og vilja afla sér menntunar.

Þegar nám er skipulagt þarf fyrst og fremst að miða við þarfir og getu eins hóps nemenda af þremur. Þetta eru ekki bestu nemendurnir – frammistaða þeirra er ekki svo mjög háð námsskipulagi; og þetta eru ekki heldur lökustu nemendurnir því frammistaða þeirra er ekki heldur svo mjög háð skipulaginu (hún batnar lítið við bætt skipulag).

Viðmiðunarrhópurinn er alltaf sá stærsti, það er að segja, nemendurnir sem geta náð árangri við réttar kringumstæður og með réttri leiðbeiningu, liðveislu og hvatningu. Stór hluti þess hóps er einfaldlega mjög góðir nemendur sem ættu, undir öllum venjulegum

kringumstæðum að koma í háskóla vel búnir undir háskólanám. En staðreyndin er sú að iðulega eru þeir illa undirbúnir. Þetta er ekki sama og að halda því fram að þeir séu lélegir nemendur, þeir eru það ekki, þeir eru góðir nemendur. En þetta þýðir að þeir þurfa á sérstakri hjálp að halda til að ná sér á strik og ef háskólinn er ekki fær um að veita þessa hjálp, eru allar líkur á því að þeir flosni upp, þeim gangi illa eða allt fari einhvernveginn í handaskolum. Ég held að ein helsta skýringin á miklu brottfalli úr háskólanámi sé sú að fólk sem byrjar í háskólanámi þarf á stuðningi að halda sem það fær ekki í háskólunum, nema í undantekningartilfellum. Það er hægt að bregðast við þessu á tvo vegu. Annarsvegar með því sjá til þess að háskólarnir geti betur tekist á við vandann en nú er, hinsvegar með því að efla framhaldsskólana þannig að þessi vandi minnki eða hverfi jafnvel að mestu. En brottfallið úr framhaldsskólunum er líka stórkostlegt vandamál. Mér skilst að um 90 prósent af hverjum árgangi hefji framhaldsskólanám en aðeins um 30 prósent ljúki einhverju framhaldsskólanámi innan 5 ára. Stundum gefur fólk sér að það séu bestu nemendurnir sem halda áfram og ljúka sínu námi. Ég hef svo sem engar tölur í höndunum um þetta en mig grunar að svo þurfi alls ekki að vera. Við erum einfaldlega með hriplekt skólakerfi sem heldur ekki utan um góða nemendur en tapar þeim stöðugt frá sér til ómælds tjóns fyrir samfélagið. Er hægt að hugsa sér grátlegri sóun á almannafé heldur en þessa? Er hægt að hugsa sér fáránlegra menntakerfi

en það sem fælist með kerfisbundnum hætti frá sér ágætis námsfólk þannig að það annaðhvort flosnar alveg upp úr námi eða tefst árum saman?

Ég nefndi áðan að hlutverk háskóla væri annarsvegar að skapa þekkingu, hinsvegar að miðla og varðveita þekkingu. Þetta er í sjálfu sér ekki umdeilt, en þessi skilgreining hlutverksins segir ekki alla söguna. Maður þyrfti að bæta því við að stofnun sem hefur þetta hlutverk gagnvart því fjöreggi nútímasamfélags sem þekking er, þarf að leggja sérstaka rækt við gagnrýna meðferð á og gagnrýna umgengni við þekkingu. Hún má hvorki verða til þess að skapa einokunarvald á ákveðnum sviðum þekkingar, né gerast verndari þeirra sem fara með völdin hverju sinni.

Þannig skapar hlutverk háskólanna þeim líka sérstaka ábyrgð í samfélaginu sem má í stuttu máli lýsa þannig að háskólar eiga að veita viðnám við valdaeinokun, hvort heldur um er að ræða kennivald, vald í krafti auðs og fjármagns eða pólitískt vald. Það hefur loðað við umræðu um háskóla síðustu ár og áratugi að tengsl háskóla við atvinnulífið skipti mestu máli um starfsemi þeirra. Þegar þessu er haldið fram er fyrst og fremst byggt á þeirri hugsun að þekking ein og sér sé lítils virði, sköpun hennar þurfi að setja í samband við hagnýtingu, rannsóknir, hvort sem um er að ræða grunnrannsóknir eða afleiddar hagnýtar rannsóknir, hagnist á nánu sambandi við atvinnulífið. Þetta er auðvitað alveg rétt svo langt sem það nær. Háskólarnir þurfa að vera þær háþrúðu rannsókn- og

Þjálfunarmiðstöðvar sem geta stutt þróun og nýsköpun í atvinnulífi og atvinnulífið þarf að geta sótt fólk og sérþekkingu til háskólanna. Hættan við þessa áherslu er hinsvegar sú að hún ýti til hliðar gagnrýnishlutverki háskólanna og kyndi jafnvel undir það viðhorf að háskólar séu fyrst og fremst sérhæfðar þjónustustofnanir fyrir atvinnulífið. Ég heyrði einu sinni stjórnanda háskóladeildar útskýra markmið deildar sinnar svo að hún „framleiddi hráefni fyrir atvinnulífið.“ Það er varla hægt að hugsa sér meiri afskræmingu á hugmyndinni um tengsl háskóla og atvinnulífs en þessa, þar sem mælikvarði á gæði háskólstarfs er ekkert annað en beint þjónustuhlutverk háskólans við atvinnulífið.

Þannig má hlutverk háskólanna gagnvart atvinnulífinu, þróun og nýsköpun í því ekki ýta til hliðar eða koma í stað þess hlutverks háskólanna að vera gagnrýnið og sjálfstætt afl í samfélaginu. Því miður var einn angi af góðærismaníu undanfarinna ára fjandskapur við hverskyns sjálfstæða hugsun í samfélagi háskólanna. Tengsl háskóla og atvinnulífs urðu þannig eitruð: Í staðinn fyrir að skapandi og greinandi hugsun háskólanna hefði áhrif í atvinnulífinu var fyrirtækja-, rekstrar- og stjórnunarmódeli atvinnulífsins þröngvað upp á háskólana í síauknum mæli og ætlast til að þeir löguðu sig að atvinnulífinu. Nú er ekkert nema gott um það að segja að háskólar tileinki sér góðar og skilvirkar rekstrar- og stjórnunaraðferðir. En eiga háskólar, sem allir eru að stórum hluta fjármagnaðir af ríkinu, að haga samskiptum sínum hver við aðra eins og þeir væru sjálfstæð fyrirtæki í atvinnustarfsemi í bullandi samkeppni við aðra háskóla? Ég leyfi mér að efast um það.

Spurningin sem að mínu mati blasir við þegar ljóst er að starf háskólanna og fjármögnun þeirra þarf að endurskoða í grundvallaratriðum er hvernig stuðlað verður að því að háskólarnir í landinu geti sinnt því hlutverki sínu í samfélaginu að vera í senn vettvangur hágæða vísinda- og fræðastarfs þar sem sköpun, varðveisla og miðlun helst í hendur, og sá griðastaður gagnrýni og frelsis sem lýðræðislegt samfélag þarf á að halda. Þessum markmiðum er hægt að ná á sama tíma og tekist er á við niðurskurð fjárframlaga af einfaldri ástæðu: Rekstur íslenskra háskólastofnana er ekkert tiltakanlega dýr eða þær of margar. Sónin í kerfinu kemur fyrst og fremst til af því að ekki er reynt með nægilega kerfisbundnum og markvissum hætti að gera nýtingu fjárins sem besta. Brottfall úr námi er alltof mikið, markmið háskólanáms á ólíkum sviðum eru illa skilgreind, auk þess sem markmiðum eiginlegs háskólanáms er oft ekki haldið vel aðskildum frá markmiðum sem eðlilegra er að tengja sí- og endurmenntun. Það sem þó er kannski stærsta vandamálið er að ennþá er eini raunverulegi mælikvarðinn á árangur háskóladeildar fjöldi nemenda, ekki gæðaviðmið sem fylgt er eftir með viðeigandi eftirliti og mati opinberra aðila eða sjálfsmati háskólastofnana. Þessvegna þurfa háskólarnir ekki að takast á við aðrar ytri kröfur en þær sem markaðurinn skapar.

Skýrari stefnumótun og auknar gæðakröfur munu ekki aðeins leiða til betri kennslu og rannsókna heldur líka stuðla að sparnaði, að minnsta kosti ef nýting fjármagns er eitt af því sem slíkt eftirlit beinist að. Hver háskóli þarf að fá svigrúm til að þróast á eigin

forsendum og með fullu sjálfstæði til þróunar kennslu og rannsókna innan vel skilgreinds kerfis þar sem gott og virkt eftirlit er með starfi háskólanna og árangri, og þar sem samningar hins opinbera við háskóla miða að því að gera háskólunum kleift að sinna ákveðnum verkefnum hlutverkum frekar en að þeir keppi um nemendur á sama hátt og framleiðslu- eða þjónustufyrirtæki keppa um viðskiptavinum. Þó að í sjálfu sér sé ósköp eðlilegt að háskólar séu í samkeppni um umsækjendur, er mikill munur á því að slíkar stofnanir séu í blóðugri samkeppni um að ná inn sem flestum, eða í samkeppni um að sýna sem hæstar umsóknatölur.

Í framhaldi af þessu vaknar spurningin um það hvernig við eigum að skilja og lýsa þeim háskólastofnunum sem nú eru starfandi í landinu. Kalt mat á stöðunni sýnist mér leiða í ljós að um 5 fullburðugar háskólastofnanir er að ræða sem geta hæglega verið sjálfstæðar áfram. Þetta eru í fyrsta lagi Reykjavíkurskólarnir Þrí, HÍ, LHÍ og HR, og í öðru lagi tveir háskólar utan Reykjavíkursvæðisins, Bifröst og HA. Mér virðist ólíklegt að Hólaskóli verði sjálfstæður háskóli áfram, til þess virðist skólinn vera of lítill, og Hvanneyri er á leiðinni inn í Háskóla Íslands, sem sjötta fræðasviðið, þó að ekki sé búið að ljúka viðræðum um þá sameiningu. Þótt landið sé fámennnt er enginn flotræfilsháttur fólgin í því að hér séu reknar fimm háskólastofnanir sem hver hefur sínar áherslur og sitt hlutverk. Ekki frekar en það er fráleitt að reka tvö stór atvinnuleikhús í Reykjavík, auk fjölda leikhópa sem njóta umtalsverðs fjárstuðnings frá hinu opinbera,

Sinfóníuhljómsveit, Þjóðminjasafn, tvö listasöfn með mörgum sýningarsölum og svo framvegis. Þrátt fyrir fámennið hér á landi er það eðlilega metnaðarmál að halda eðlilegri fjölbreytni í starfsemi sem þykir tilheyra í sjálfstæðu ríki.

Fjölbreytni er mikilvæg, hvort heldur sem er í menningu, menntun eða vísindastarfi, en hún verður að hafa einhvern tilgang umfram það að vera til marks um sjálfa sig. Einn tilgangur fjölbreytni í háskólasamfélaginu er í mínum augum að koma í veg fyrir faglega einokun. Þetta skiptir miklu máli. Ímyndum okkur að í landinu sé heimspeki eða einhver önnur grein til dæmis aðeins kennd á vegum einnar háskóladeildar sem hefði því fræðilega einokun á því sviði (þetta á reyndar við um nokkrar greinar hér á landi, ekki heimspeki þó). Ímyndum okkur svo að tiltekin, kannski mjög íhaldssöm, fræðileg viðhorf séu ríkjandi innan deildarinnar sem hefur einokun á þessu sviði. Það þarf ekki meira til að kæfa frumleika og nýsköpun. Ungt fólk sem vill fara aðrar leiðir en hinir íhaldssömu stjórnendur fær þá ekki að komast að, eða þarf að sætta sig við að fá aðeins takmarkaða aðkomu að kennslu og jafnvel rannsóknum á fræðasviði sínu. Þeir sem eru að gera eitthvað nýtt eru þá jafnvel útskúfaðir í nafni gæða sem skilgreind eru í ljósi íhaldsamra viðhorfa. Þetta er staða sem mjög auðveldlega getur komið upp og eina leiðin til að koma í veg fyrir það er að tryggja fjölbreytni, að enginn einn aðili geti einokað fræðasvið. Í litlu landi eins og okkar kann að vera útilokað að bjóða upp á fjölbreytni af þessu tagi á öllum sviðum. Það er líklegt að greinar eins og latína eða málvísindi til dæmis séu einfaldlega

svo fámennar að ekki geti verið um neina fjölbreytni að ræða. Þetta má hugsanlega bæta upp með erlendu samstarfi af einhverju tagi, en almenna reglan ætti þó að vera sú að reynt sé að koma í veg fyrir faglega einokun á sem flestum fræðasviðum.

Annar tilgangur fjölbreytni varðar háskólanám sérstaklega. Kosturinn við þá fjölbreytni sem við búum við í dag er sá að háskólarnir geta skapað sér talsverða sérstöðu í skipulagi náms og kennslu, umtalsverður sveigjanleiki er um hæfnisviðmið og markmið í háskólanámi og skólarnir þurfa ekki að beygja sig undir alltof stífar reglur um námsmat eða veitingu námsgráða. Fagleg einokun kemur í veg fyrir nýbreytni og nýsköpun í kennslu því að hún hefur þá engan tilgang. Fagleg samkeppni hinsvegar er, af augljósum ástæðum, hvati til nýbreytni.

Það hefur stundum verið talað um það að gera ætti einhverskonar greinarmun á háskólum, skipta þeim í fyrsta og annan flokk, ef svo má að orði komast og skilgreina sum sem kennsluháskóla en aðra sem rannsóknaháskóla. Þá hefðu til dæmis rannsóknaháskólarnir leyfi til að bjóða upp á rannsóknarnám, það er meistara og doktorsnám, en kennsluháskólarnir myndu einbeita sér að grunnnámi, auk þess ef til vill að geta boðið upp á visst fagnám á meistarastigi. Einnig hafa sumir haldið því fram að það sé rannsóknum á Íslandi til sérstakra hagsbóta að stofna lítinn rannsóknaháskóla utan um þær greinar á sviði raun- og heilbrigðisvísinda sem fremst standa hér á landi,

þar sem haldið væri utan um doktorsnám sem lyti alþjóðlegum kröfum og stundaðar rannsóknir.

Ég held að þessar hugmyndir báðar feli í sér grundvallarmisskilning á hlutverki háskóla í samfélagi eins og okkar og þeim skilyrðum sem geta orðið til þess að íslenskir háskólar blómstri. Samfélag háskólans er í eðli sínu flatt og opið. Þar skiptir tignarröð litlu máli og skipuritið hefur fyrst og fremst með verkaskiptingu að gera. Eitt meginþemmi góðs og frjós háskólasamfélags er að þar hittast ólíkir einstaklingar úr ólíkum greinum, háskólinn sem slíkur vinnur gegn hvers kyns fagidjótí. Þetta á ekki síður við um kennslu. Öll kennsla skiptir máli í sérhæfðu rannsóknastarfi, hvort sem um er að ræða kennslu í grunnháskólanámi eða á doktorsstigi. Þessvegna skiptir svo miklu máli að samfélag háskólans sé opið og flæðið sem frjáltsast. Að reyna að skilja á milli annaðhvort með því að setja suma háskóla í annan flokk og banna þeim að stunda rannsóknir, eða með því að taka fremstu vísindamennina út úr hinu almenna háskólasamfélagi og troða þeim inn í lokaða elítustofnun jafngildir hreinlega skemmdarverki. Slíkar hugmyndir, næðu þær fram að ganga væru atlega að því háskólasamfélagi sem þó hefur byggst hér upp.

Mig langar að lokum að segja nokkur orð um skipulag háskólakennslu hér á landi. Ég nefndi áðan þá staðreynd að við núverandi kerfi er eina árangursmælingin á háskóladeild sú hvers margir nemendur vilja komast í hana. Vinsældir eru vissulega nothæf vísbending

um gæði, en alls ekki einhlít og getur verið mjög villandi þar að auki, þar sem mjög margt annað en gæði getur verið ástæða þess að deild eða grein er vinsæl.

Ég held að leiðin til að stuðla að því að háskólanám hér á landi eflist að gæðum og fjölbreytni sé fólgin í því að setja skýr viðmið um fjölda nemenda í einstökum greinum og byggja fjármögnun á samningi hins opinbera og háskólastofnana um kennslu í tilteknum greinum. Slíka samninga þyrfti þá að sjálfsögðu að endurskoða reglulega og það þyrfti líka að móta almenna stefnu um háskólanám í landinu. Slíkir samningar myndu efla faglega samkeppni á milli skóla og stofnana en minnka ríg og togstreitu sem leiðir af óeðlilegri samkeppni þeirra á milli um nemendur og misskilnings á stofnanalegu hlutverki þeirra.